




Próftafla og lesefni – 7. bekkir

maí 2008



Framsagnarpróf og raddlestrarpróf verða tekin á skólatíma.

Dagsetning	Próf
7.maí – miðvikud.	Landafræði – kortapróf á skólat.
8.maí – fimmtud.	Hlustunarskilningur á skólatíma
13.-14.maí	Framsögn
15.maí – fimmtud.	Danska á skólatíma
16.maí - föstudagur	Enska á skólatíma
19.maí - mánudagur	Bókmenntir og ljóð á skólatíma
20. maí – þriðjud. (Prófdagur – nemendur fara heim að prófi loknu)	Stærðfræði kl. 8:30 Stafsetning kl. 10:00
21. maí – miðvikud. (Prófdagur – nemendur fara heim að prófum loknum)	Lesskilningur kl. 8:30 Málrækt kl. 9:30
28. maí – miðvikud.	Próf í eðlisvísindum á skólatíma. Verkefni í Grjóthrógu flutt.

Lestur – framsögn (Prófdagur breytilegur eftir bekkjum.)

- Allir nemendur taka raddlestrar- og framsagnarpróf.
- Umsjónarkennari og sérkennari taka ákvörðun í samráði við nemendur með sértæka lesröskun hvort þeir þreyta framsagnarpróf.
- Nemendur fá prófið með sér heim daginn áður til að æfa sig. Þeir fá einnig að æfa sig í 10 mín. áður en prófið hefst.
- Í framsagnarprófi er áhersla lögð á raddstyrk, áherslutjáningu, viðeigandi þagnir og skýran framburð.
- Framsagnarpróf fer fram inni í bekk og lesa nemendur úr ræðupúlti stuttan texta úr sögu og ljóð fyrir framan bekkinn. Prófdómari og bekkjarkennari meta árangur og jafnframt fylgjast bekkjarfélagar með og taka þátt í námsmati.

Málrækt og stafsetning

Skoðið efni bókanna: Málrækt 3, Skrudda I og II, gott er að fara vel yfir reglur bls. 71-85 í Mál er miðill grunnbók og æfingar í Mál er miðill verkefnabók. Skoðið einnig vel aukaverkefni og stíla.

Sjá einnig meðfylgjandi gátlista yfir kunnáttuatriði.

Lesskilningur og Hlustunarskilningur

Prófað er úr ólesnum texta og því lítið hægt að æfa sig fyrir próf.

Stærðfræði

Breytilegt eftir hópum (blár-rauður-gulur-grænn).

Sjá leiðbeiningar og gátlista frá kennara viðeigandi hóps.

Enska

Breytilegt eftir hópum (blár-rauður-gulur-grænn).

Sjá leiðbeiningar frá kennara viðeigandi hóps.



Danska

Sjá leiðbeiningar og gátlista frá dönskukennara.

Bókmenntir 7.LK

Nemendur þurfa að þekkja efni sagnanna vel, vita nafn höfundar þar sem við á og geta gert grein fyrir orðskýringum.

Sögur úr Grænkápu:

- Brot úr gömlum gervihnetti bls. 13-19
- Snjór bls. 20-35
- Fínt fólk og ófínt bls. 40-48
- Frá marbendli 55-57
- Bíóferðin 58
- Um Nykra og Nennir bls. 63
- Uppruni sela og Selshamurinn bls. 66-68
- Grímseyingurinn og bjarndýrið bls. 71-72
- Rauðhetta og úlfurinn, amman, kennarinn og litla gula hænan 177-181

Ljóð

Nemendur þurfa að þekkja eftirfarandi

- Ljóðstafi (stuðla og höfuðstafi)
- Líkingar og persónugervingu.
- Rím (kven- og karlrím, runurím, endarím, víxlrím)
- Nöfn höfunda ljóðanna hér að neðan. (sjá blað með öllum ljóðunum)

Utanbókar (einnig lesin og skilin)

- Hönd (allt)
- Ég vildi að ég væri (allt)
- Morgunböl (allt)
- Ást í kreppu (allt)

Lesin og skilin

- Eitt ástarljóð fyrir börn
- Örsaga
- Í takt við lífið



Landfræði – kortapróf:

- Þekkja lönd og höfuðborgir og geta merkt inn á kort.
Þýskaland, Sviss, Austurríki, Frakkland, Ítalía, Frakkland, Spánn, Andorra, Grikkland, Portúgal, Holland, Pólland, Lúxembúrg, Belgía, England, Írland, Rúmenía, Ungverjaland og Finnland.
- Þekkja helstu höf, ár og fjallgarða
Fjallgarðar: Alpafjöll, Pýreneafjöll, Karpatafjöll, Appenínafjöll.
Fljót: Thames, Signa, Dóná, Rín, Volga.
Höf: Atlantshaf, Svartahaf, Adríahaf, Ermasund, Eystrasalt, Norðursjór, Kattegat, Miðjarðarhaf.
- Þekkja fána Evrópulandanna (þá 12 sem eru á vinnublaðinu)

Vinnubækur gilda sem hluti af námsmati og skal skila á prófdegi